

Lyf án lyfseðils

Löng hefð er fyrir því að selja lyf án lyfseðils, svokölluð lausasölulyf. Sala þessara lyfja var lengst af bundin við lyfjabúðir en einstaka lyf og pakkningar er nú heimilt að selja í almennum verslunum.

Um það bil 15% allra lyfja, mælt í skilgreindum dagskömmtum (DDD) sem seld eru hér á landi eru seld án lyfseðils.

Mest selda lausasölulyfið á Íslandi er segavarnarlyf sem inniheldur asetýlsalicýlsýru og ætlað til að fyrirbyggja hjarta- og æðasjúkdóma. Næst á eftir koma bólgueyðandi lyfið íbúprófen, lyf við nikótíníkn og verkja- og hitalækkandi lyfið parasetamól.

Þegar heilbrigðisyfirvöld ákveða að selja megi lyf án lyfseðils er tekið mið af þekkingu og reynslu af notkun lyfsins, tíðni aukaverkana og áhætta af ofskömmtun. Í ljósi þessarar þekkingar er einnig tekin ákvörðun um takmörkun á því magni sem selja má í hverri afgreiðslu. Í mörgum tilvikum er aðeins veikasti styrkur og minnsta pakkning lyfs í lausasölu.

Tafla 1. Mest seldu lyf án lyfseðils á Íslandi 2013 eftir lyfjaflokkum

ATC-flokkur	ATC heiti	Virkt innihaldsefni	Seldir dagskammtar DDD	DDD/1000 íbúa á dag
B01AC06	Segavarnarlyf*	Asetýlsalisýlsýra	7.791.000	65,9
M01AE01	Bólgueyðandi lyf**	Íbúprófen	3.690.624	31,2
N07BA01	Lyf gegn nikótíníkn*	Nikótín	2.452.179	20,7
N02BE01	Verkjalyf og hitalækkandi lyf**	Parasetamól	1.861.706	15,8
R01AA07	Lyf við nefstíflu*	Xylometazolín	1.482.913	12,6
R06AX13	Ofnæmislyf*	Lóratadín	1.462.330	12,4
A02BC01	Lyf við sýrutengdum sjúkdómum**	Ómeprazól	1.020.726	8,6

*Allar pakkningar og styrkleikar í lausasölu
 **Takmarkað magn lyfsins í lausasölu

Segavarnarlyf

Gera má ráð fyrir að þótt segavarnarlyf sem ætlað er til að fyrirbyggja hjarta og æðasjúkdóma sé lausasölulyf sé það oftast notað að ráði læknis í upphafi. Í stærri skömmtum er lyfið notað sem verkjastillandi og hitalækkandi lyf sem einnig er lausasölulyf en í öðrum lyfjaflokki. Sala þessa lyfs hefur verið stöðug undanfarin ár og er svipuð á Íslandi og í Danmörku og Noregi.

Bólgueyðandi lyf

Í flokki bólgueyðandi lyfja eru nokkur lyf sem stundum eru kölluð verkjalyf vegna þess að þau stilla verki sem stafa af bólgu í ýmsum vefjum. Mörg þessara lyfja eru seld í lyfjabúðum án lyfseðils t.d. díklófenak, íbúprófen og naproxen. Takmörkun er á magni þessara lyfja sem selja má í lausasölu.

Tafla 2. Heildarsala bólgueyðandi lyfja sem selja má í lausasölu á Íslandi 2013

ÍS 2013 ATC-flokkur	Virkt innihaldsefni	Seldir dagskammtar á 1000 íbúa á dag	Seldir dagskammtar í lausasölu á 1000 íbúa á dag	% hlutfall lausasölu
M01AB05	Díklófenak	14,1	1,4	9,9%
M01AE01	Íbúprófen	41,6	31,2	75,1%
M01AE02	Naproxen	7,2	0,8	11,1%

Af ofangreindum lyfjum seldist mest af íbúprófeni hér á landi á árinu 2013 og að stærstum hluta til án lyfseðils. Umtalsvert meira er selt af þessum lyfjum á Íslandi en í Danmörku auk þess sem hærra hlutfall selst hér í lausasölu.

Tafla 3. Heildarsala bóqueyðandi lyfja sem selja má í lausasölu í Danmörku 2013

DK 2013 ATC-flokkur	Virkt innihaldsefni	Seldir dagskammtar á 1000 íbúa á dag	Seldir dagskammtar í lausasölu á 1000 íbúa á dag	% hlutfall lausasölu
M01AB05	Díklófenak	3,1	-	-
M01AE01	Íbúprófen	25,8	9,9	39,9
M01AE02	Naproxen	2,1	-	-


Í Danmörku er lausasala lyfja sem innihalda naproxen og díklófenak hverfandi lítil.

Lyf við nikótínfíkn


Lyf sem ætluð eru við nikótínfíkn hafa verið hér á markaði í um 30 ár og lengst af í lausasölu. Fyrir tæpum 10 árum var heimilað að selja þessi lyf utan lyfjabúða en aðeins í veikasta styrk og minnstu pakkingu. Sala utan lyfjabúða er u.þ.b. 6% af heildarsölu þessara lyfja. Nánast allt selst í lausasölu.

Undanfarin ár hefur sala nikótínlyfja verið mun meiri á Íslandi en í Danmörku og Noregi.

Mynd 1. Sala nikótínlyfja á Íslandi, Danmörku og Noregi



Mynd 2. Sala nikótínlyfja á Íslandi síðastliðin 25 ár




Verkjastillandi og hitalækkandi lyf

Um margra ára skeið voru lyf sem innihalda parasetamól mest seldu verkjalyf án lyfseðils. Undir lok síðustu aldar fór bólgueyðandi lyfið íbúprófen að síga fram úr parasetamóli og nú er svo komið að parasetamól lyf eru u.þ.b. þriðjungur af samlagðri lausasölu verkjastillandi og bólgueyðandi lyfja en um 40% ef litið er til heildarsölu þessara lyfja.


Á 25 ára tímabili hefur samanlögð sala algengustu verkjalyfja fimmfaldast.

Mynd 3. Heildarsala parasetamóls og íbúprófens á Íslandi síðustu 25 ár



Íbúprófen er áberandi meira notað á Íslandi en í Danmörku og Noregi. Samanlögð heildarnotkun íbúprófens og parasetamóls er þó mest í Danmörku. Svo virðist sem notkun hafi færst frá parasetamóli yfir á íbúprófen á Íslandi.

Mynd 4. Heildarsala á íbúprófeni og parasetamóli á Íslandi, Danmörku og Noregi 2013



Lyf við nefstíflu

Um langan tíma hafa lyf við nefstíflu verið seld hér á landi án lyfseðils. Í þessum flokki eru oxymetazólín, R01AA05, og xylómetazólín, R01AA07.

Tafla 4. Heildarsala lyfja við nefstíflu í Danmörku, Noregi og á Íslandi

R01AA Lyf við nefstíflu	Seldir dagskammtar á 1.000 íbúa á dag				
	2009	2010	2011	2012	2013
<i>DK</i>	12,5	13,8	13,7	14,4	14,5
<i>IS</i>	14,5	16,0	16,8	16,4	16,2
<i>NO</i>	29,9	30,2	29,2	30,7	30,1

Sala þessara lyfja er svipuð á Íslandi og í Danmörku en talsvert meiri í Noregi. Á Íslandi og í Danmörku sejjast þessi lyf nánast eingöngu í lausasölu.

Ofnæmislyf

Á síðustu 5 árum hefur sala lyfja við ofnæmi aukist meira á Íslandi og Noregi en í Danmörku. Á þessu tímabili hefur heimild til lausasölu þessara lyfja verið rýmkuð.

Tafla 5. Heildarsala ofnæmislyfja í Danmörku, Noregi og á Íslandi

R06AX Ofnæmislyf	Seldir dagskammtar á 1.000 íbúa á dag				
	2009	2010	2011	2012	2013
<i>DK</i>	10,9	10,9	11,7	12,0	12,3
<i>IS</i>	18,9	20,5	22,1	25,2	26,1
<i>NO</i>	17,2	18,2	19,2	21,6	23,5

Þrátt fyrir að minna sé selt af ofnæmislyfjum í Danmörku en á Íslandi gilda þar rýmri reglur um lausasölu. Í Danmörku seljast 19% lyfja í þessum flokki í lausasölu en 52% á Íslandi.

Lyf við magasýrutengdum sjúkdómum

Notkun á ómeprasóli er mun meiri á Íslandi en í Danmörku og Noregi.

Tafla 6. Heildarsala ómeprasóls í Danmörku, Noregi og á Íslandi

A02BC01 Lyf við magasýrutengdum sjúkdómum	Seldir dagskammtar á 1.000 íbúa á dag				
<i>Omeprasól</i>	2009	2010	2011	2012	2013
<i>DK</i>	11,8	15,7	19,1	19,1	19,0
<i>IS</i>	45,6	44,0	44,9	44,2	43,8
<i>NO</i>	6,7	6,7	6,7	6,7	6,4

Í Danmörku seljast 1,3% ómeprasóls í lausasölu en 20% á Íslandi. Í Danmörku eru fleiri lyf við sýrutengdum sjúkdómum í lausasölu, pantóprazol og lansóprasól. Samanlögð lausasala allra þessara lyfja er 8% af heildarsölnunni.

Sala lyfa án lyfseðils á Íslandi

Notkun lausasölulyfja sem hér hefur verið fjallað um virðist vera frábrugðin notkun sambærilegra lyfja í Danmörku. Fyrir þessu geta legið ýmsar ástæður t.d. verð og greiðsluþátttaka trygginga í lyfjakostnaði, aðgengi að læknum og lyfjabúðum og reglur um lausasölu. Auk þessa hafa auglýsingar einhver áhrif á sölu þessara lyfja. Í sumum lyfjaflokkum er meira úrval sambærilegra lyfja í lausasölu í Danmörku en á Íslandi.

Mikill munur er á sölu nikótínlyfja á Íslandi annars vegar og Danmörku og Noregi hins vegar. Þá er notkun parasetamóls minni hér en í Danmörku og Noregi en notkun íbúprófens talsvert meiri.

Á síðustu 5 árum hefur heildarsala verkjalyfja í ATC-flokki N02BE aukist um 11,3% en lausasala í þessum flokki hefur aukist um 6,5%.

Á sama hátt hefur heildarsala bólgueyðandi lyfja í ATC-flokki M01AE aukist um 11,7% en lausasala um 25,1%.